

REGLUGERÐ

um framleiðslu og útflutning á fiskiolú til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins

1. gr.

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur reglugerðar þessarar er að tryggja öryggi og gæði fiskiolú sem einungis eru ætluð til markaðssetningar utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Reglugerðin gildir um framleiðslu, dreifingu og markaðssetningu fiskiolú sem ætlunin er að flytja til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins í samræmi við kröfur viðkomandi landa.

2. gr.

Sérstök skilyrði vegna framleiðslu, dreifingar og markaðssetningar fiskiolú sem ætluð eru til útflutnings til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins

Heimilt er að framleiða fiskiolú til útflutnings til ríkja utan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem uppfyllir ekki kröfur EES-réttar, að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) Matvæli skulu uppfylla kröfur um matvælaöryggi samkvæmt 8. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og fóður skal uppfylla kröfur um öryggi samkvæmt 7. gr. a laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.
- b) Matvæli og fóður sem innkölluð hafa verið af markaði og ekki er heimilt að markaðssetja innan Evrópska efnahagssvæðisins, er ekki heimilt að flytja út til þriðju ríkja.
- c) Matvæla- og fóðurfyrirtæki skal geta sýnt fram á það með sannanlegum hætti, að matvæli og fóður sem flutt er út, uppfylli lögbundnar kröfur móttökuríkisins eða að fyrir liggja samþykki frá móttökuríkinu sem heimilar innflutning til þess ríkis enda þótt lögbundnar kröfur Evrópska efnahagssvæðisins um slíkar vörur séu ekki uppfylltar.
- d) Framleiðsla afurða til tiltekinna ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins og geymsla þeirra skal aðskilin frá almennri framleiðslu og geymslu afurða.
- e) Skriflegar verklagsreglur skulu vera til staðar sem tryggja að matvæli og fóður verði flutt út til þriðja ríkisins sem heimilar innflutninginn. Útflutningsaðilar sem flytja út matvæli og fóður skv. reglugerð þessari, skulu leggja fram gögn sem sýna fram á flutning afurða til þriðja ríkis fari eftirlitsaðili fram á slíkt. Slík gögn skulu varðveitt í fimm ár að lágmarki.

Matvæli og fóður sem ætluð eru til útflutnings í samræmi við reglugerð þessa skulu merkt á eftirfarandi hátt: "ÚTFLUTNINGU TIL RÍKJA UTAN EES-SVÆÐISINS / EXPORT TO NON-EU/EEA COUNTRIES".

Jafnframt skal í fylgiskjölum koma fram að ekki sé heimilt að markaðssetja vöruna innan hins Evrópska efnahagssvæðis, ástæður þess og eins til hvaða þriðju ríkja sé heimilt að flytja hana til.

3. gr.

Samþykki Matvælastofnunar

Matvæla- og fóðurfyrirtæki sem æskja þess að framleiða og/eða flytja út matvæli eða fóður í samræmi við reglugerð þessa skulu afla samþykkis Matvælastofnunar áður en slík starfsemi hefst.

4. gr.

Eftirlit

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með eftirlit með því ákvæðum þessarar reglugerðar vegna matvælaeftirlits sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995, með síðari breytingum og Matvælastofnun vegna fódurs í samræmi við ákvæði laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

5. gr.

Viðurlög

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a- 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.